



## 56. Körfuknattleiksþing | 15. mars 2025

Þingskjal nr. 05 b – reglugerð um venstlasamninga

### Reglugerð um venstlasamninga

#### 1. grein

Félögum innan KKÍ er heimilt að gera venstlasamninga sín á milli.

Með venstlasamning er átt við að leikmenn fari frá félagi sem er í efri deild (móðurfélag) til félags sem er í neðri deild (fósturfélag) en haldi réttindum sínum til þátttöku í mótum hjá móðurfélaginu. Einnig geta leikmenn félaga sem ekki starfrækja meistaraflokk (móðurfélag) farið að láni til liða (fósturfélag) sem ekki leika í efstu deild.

Leikmenn á venstlasamning mega leika með meistaraflokki fósturfélags en ekki B eða U liðum meistaraflokks, eða yngri flokkum hjá fósturfélaginu. Tilgangur venstlasamnings er að gefa eldri leikmönnum sem eru við það að brjótast inn í meistaraflokk síns félaga reynslu og tækifæri í neðri deildum.

[...]

#### 4. grein

Félag í neðri deild (fósturfélag) getur að hámarki gert venstlasamning við 3 6 leikmenn, það er, haft 6 leikmenn á virkum venstlasamningum hverju sinni, svo framarlega sem þeir koma frá sama móðurfélagi. Fósturfélög sem fá leikmenn á venstlum frá fleira en einu móðurfélagi geta að hámarki gert venstlasamning við 3 leikmenn, það er haft 3 leikmenn á virkum venstlasamningum hverju sinni. ~~Ekki þarf að vera um sama móðurfélag að ræða.~~

Mótanefnd skal eftir fremsta megni gæta þess að leikir móður- og fósturfélags falli ekki á sama leikdag.

[...]

#### Greinargerð:

*Frá því að reglugerð um venstlasamninga var samþykkt fyrir hart nær 20 árum hafa orðið miklar breytingar á keppnishaldi KKÍ. Þessi viðbót við reglugerðarflóru KKÍ var nauðsynleg á sínum tíma og gaf yngri leikmönnum fleiri tækifæri til að takast á við eldri og reyndari leikmenn og ná sér þannig í mikilvæga reynslu.*

Vísað til:	<input type="checkbox"/> Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/> Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/> Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt:	<input type="checkbox"/> Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/> Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/> Felld



## 56. Körfuknattleiksþing | 15. mars 2025

Pingskjal nr. 05 b – reglugerð um venstlasamninga

Eins og segir í 1. grein reglugerðar um venstlasamninga, þá er tilgangur venstlasamnings að gefa eldri leikmönnum sem eru við það að brjóta inn í meistaraflokk síns félags reynslu og tækifæri í neðri deildum. Á þeim tíma þar sem reglan var sett voru erlendir leikmenn mikið færri í efstu deildum karla og kvenna, og enn færri í 1. deildum en nú er. Síðan þá hefur erlendum leikmönnum fjölgað mikið og umhverfi ungra leikmanna tekið stakkaskiptum til hins verra. Það er því nauðsynlegt að horfast í augu við það að tækifæri yngri leikmanna eru færri en áður og leiðin upp í meistaraflokk er mun torsóttari, sérstaklega hjá efnilegum drengjum. Við teljum því mikilvægt að leita lausna til að spyrna við fótum og tryggja að þessir ungu og efnilegu leikmenn fái nauðsynleg tækifæri til að bæta sig, og þar er heppilegast að skoða regluverk sambandsins. Við teljum mikilvægt að regluverkið styðji við tækifæri ungra leikmanna, gefi þeim færi á að æfa með sínu félagi en á sama tíma gera þeim kleift á að afla sér dýrmætrar reynslu í neðri deildum. Sér í lagi má nefna að félög sem hafa hin síðari ár verið burðarfélög í yngri landsliðum eiga orðið upp undir 10-15 leikmenn 16-20 ára sem eiga fjöldann allan af yngri landsleikjum en eiga, enn sem komið er, ekki möguleika á að taka mínútur í meistaraflokki. Þetta var fáheyrt hér á árum áður, þar sem burðarásar yngri landsliða drengja fengu oft en ekki eldskírn í meistaraflokki 17-18 ára. Raunin er önnur í dag og það bitnar á þeim félögum sem sinna öflugum uppbyggingarstarfi, og á sama tíma bitnar það á afreksstarfi KKÍ.

Þó við gjarnan vildum sjá fleiri leikmenn taka skrefið út fyrir sitt heimasvæði til að öðlast þessa mikilvægu reynslu, þá er staðreyndin sú að örfáir leikmenn eru reiðubúnir að taka það skref, þannig að því miður þá er það ekki raunhæfur valkostur. Við þurfum því að horfa til annarra lausna. Mikið hefur verið rætt um stöðuna, en í stað þess að óska eftir nefndum, starfshópum eða frekari umræðum, leggjum við fram mögulega lausn sem er ætlað að bæta æfinga- og keppnisumhverfi þessara ungu og efnilegu leikmanna, sem eru oft en ekki mikilvægar og góðar fyrirmyndir yngri iðkenda félags, þar sem þeir þjálfar og dæma leiki hjá yngri iðkendum sem eru að eltast við sömu drauma. Það er því mikilvægt fyrir félögin að halda þessum leikmönnum innan sinna raða eins lengi og kostur er, frekar en að slökkva í draumum þeirra um að spila meistaraflokksbolta.

<b>Vísað til:</b>	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglanefndar
<b>Afgreitt:</b>	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld



## 56. Körfuknattleiksþing | 15. mars 2025

Þingskjal nr. 05 b – reglugerð um venstrasamninga

Við leggjum því til breytingu á reglugerð um venstrasamninga og biðjum Körfuknattleiksþing að skoða málið með opnum huga. Markmiðið með okkar tillögu er að þessir yngri leikmenn meistaraflokka eigi kost á að ná sér í dýrmæta reynslu með því að vera hluti af meistaraflokkshóp síns félags, og fái mögulega einhverjar mínútur þar, en geti á sama tíma verið á venslum með fósturfélögum í 1. eða 2. deild sem hafa það að markmiði að gefa þeim stærra tækifæri en annars væri. Það er til mikils að vinna fyrir íslenskan körfubolta, því eins og áður hefur verið nefnt, þá eru þessir leikmenn margir hverjir burðarásar í yngri landsliðum og því mikilvægt fyrir uppeldisfélag þeirra og landslið að þeir fái þessi tækifæri til að taka skrefið á næsta stig, en geti á sama tíma æft og spilað með sínu uppeldisfélagi. Það má heldur ekki gleyma því að slíkir venstrasamningar geta einnig styrkt og eflt starf fósturfélaganna og því ekki einungis hagur móðurfélags að reglurnar verði gerðar sveigjanlegri.

Þó einungis sé um að ræða Stjórnuna-KFG og KR-KV þegar þetta er ritað, þá er ekki útilokað að svona fyrirkomulag opni möguleikann fyrir öflugra samstarf annarra félaga, sem til lengri tíma styrkir 1. og 2. deildir karla og á sama tíma gefur það þessum leikmönnum sem nauðsynlegir eru fyrir yngri landsliðin þá reynslu sem þeir þurfa til að taka skrefið fram á við.

Í þessu samhengi er ráðlegt að horfa til þeirra spennandi framtíðarsýnar sem KKÍ kynnti á formannafundi í lok ágúst, þar sem stefnumótandi markmið sambandsins er að styrkja íslenskan körfubolta til framtíðar. Við viljum taka þátt í því, og skrefið sem við viljum stíga er að fjölga bráðnauðsynlegum tækifærum ungra og efnilegra leikmanna til að taka skrefið fram á við. Þetta er aðgerð sem kostar KKÍ enga fjármuni, en getur til lengri tíma búið til fleiri leikmenn sem verða mikilvægir fyrir deildir og landslið okkar til lengri tíma, og þannig skapað umtal og tekjur fyrir hreyfinguna til lengri tíma, ásamt því að minnka líkur á því að þessir leikmenn ákveði að hætta í körfubolta vegna skorts á tækifærum, en það er raunverulegt vandamál.

<b>Vísað til:</b>	<input type="checkbox"/> Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/> Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/> Laga- og leikreglanefndar
<b>Afgreitt:</b>	<input type="checkbox"/> Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/> Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/> Felld



## 56. Körfuknattleiksþing | 15. mars 2025

Þingskjal nr. 05 b – reglugerð um venslasamninga

*Snorri Örn Arnaldsson, KFG*

*Einar Karl Birgisson, Stjarnan*

*Matthías Orri Sigurðarson, KR og KV*

*Egill Ástráðsson, KR og KV*

**Vísað til:**

Allsherjarnefndar

Fjárhagsnefndar

Laga- og leikreglnanefndar

**Afgreitt:**

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Felld